

Verkefnaráð

Fundargerðir: Verkefnaráð 15.02.2024

Verkefnaráð	1
Matjurtagarðar – bókunarkerfi.....	2
MÍR kortið – Borgarpassinn (áður Reykjavíkurtortið)	4
Umsjónarkerfi fyrir spjaldtölvur.....	6
Önnur mál	8

Verkefnaráðsfundur 15.02.2024

Verkefni Verkefnaráð	Yfirskrift fundar Verkefnaráðsfundur 2024
Dagsetning 15.2.2024	Staðsetning Borgartún 12-14
Mættir: Arna Ýr Sævarsdóttir, Ásta Þöll Gylfadóttir, Eva Björk Björnsdóttir, Ólafur Óskar Egilsson, Þröstur Sigurðsson, Óskar Sandholt, Búi Bjarmar Aðalsteinsson, Halla María Ólafsdóttir, Lára Aðalsteinsdóttir, Salvör Gyða Lúðvíksdóttir, Ásgrímur Már Friðriksson	
Fjarverandi: Bára O'Brien Ragnhildardóttir	
Fundarritari: Bára O'Brien Ragnhildardóttir/ Eva Björk Björnsdóttir	

Dagskrá fundar

Mánudaginn, 15. febrúar 2024, kl. 10:00 – 11:00 – 6.hæð vestur, Þverárkot, Borgartún 12-14

10:00 -10:05 Samstilling
10:05–10:15 Matjurtagarðar: bókunarkerfi - Ásgrímur Már
10:15–10:20 Umræður
10:20–10:30 MÍR kort - Ósk um aukið fjármagn vegna breytinga – Lára og Salvör
10:30–10:35 Umræður
10:35–10:50 Umsjónarkerfi fyrir spjaldtölvur – Búi og Halla
10:50–11:00 Umræður og önnur mál
11:00 Fundi slitið

Matjurtagarðar – bókunarkerfi

Þjónustumiðstöð borgarlands óskar eftir aðstoð þjónustu- og nýsköpunarsviðs við að útbúa notendavænan framenda og skilvirkt pöntunarkerfi fyrir um 650 matjurtagarða sem eru leigðir út ár hvert til íbúa. Núverandi uppsetning umsókna er í formi tölvupósta og úrvinnsla og utanhald er unnið í excel.

Um 650matjurtagarðar eru leigðir út ár hvert á vegum borgarinnar og ásóknin eykst með hverju ári.

Þetta er heilnæmt verkefni og þjónusta sem býður upp á töluverða möguleika í jákvæðri umfjöllum, aukna sjálfbærni og lifandi nýtingu á borgarlandi.

Vöntun er á notendavænni þjónustu og afgreiðslu fyrir matjurtagarða Reykjavíkur. Í dag er erfitt fyrir íbúa að panta og greiða matjurtagarða. Ferlið er brotið, afgreiðslu fylgir mikil handavinna og áhætta á þjónustufalli.

Búið er að gera:

- Halda vinnustofu með hagaðilum
- Samskipti við vörustjóra Microsoft lausna

Með verkefninu á m.a að: Styðja undir stafræna vegferð innri ferla Reykjavíkurborgar með því að gera umsóknir og ferla notendavænni og sjálfvirkari fyrir bæði íbúa og starfsfólk.

Ávinningur/ábati: Verkefnið kemur bókun og yfirliti matjurtagarða fyrir undir einni heildrænni þjónustuveitingu þar sem íbúar geta bókað sér reit í einu óbrotnu ferli.

Þjónustan felur í sér leigu á borgarlandi og kaup á þjónustu, því er vænlegast að henni verði komið fyrir inn á Mínum síðum. Þar geta íbúar bókað garð í gegnum gagnvirk kort og fylgst með framgangi umsóknarinnar. Samhliða verður bakvinnslu komið í skilvirkt ferli með tengingum á milli samskipta, pantana, umsýslu og afhendingu garða.

Ábati verkefnisins er bætt upplifun, fækkun óþarfa handataka, spornun gegn þjónustufalli, aukin nýting á borgarlandi og jákvæð umfjöllun. Verkefnið styður við stefnu Græna plansins.

Áætlaður kostnaður: óverulegur

Tímarammi: óverulegur

Óskað er eftir:

- Að koma ferlinu fyrir í bráðabirgða uppsetningu í Microsoft umhverfinu með einfaldri uppsetningu í gegnum Forms, Lists og Teams .
- Skoða möguleika á notkun núverandi bókunarkerfa á borð við Ósk/veitu.
- Verkefnið verði í framhaldi sent í umbreytingarferli hjá Gróðurhúsinu.

Næstu skref:

- Opnað verður fyrir bókanir 15 mars. Fyrstu skref snúa að einföldun verklags með aðstoð MS svítunnar.
- Næsta skref eru verklagsbreytingar og rýni í núverandi lausnir borgarinnar (t.d. MS og Ósk/Veitu)
- Þjónustuumbreyting hjá Gróðurhúsinu.
- Að auki er til skoðunar að setja verkefnið í endurvakningu hönnunarspretta Gróðurhússins. Þar verður sérstaklega leitað að nýjum tækifærum fyrir þjónustuframboð matjurtagarðanna.

Tegund verkefnis: Fjárfestingarverkefni

Skor verkefnisins í Fylkinu:

Staðfest skor verkefnaráðs dags: 20.03.2024: 5 3 1 4 5 3 2,93

Niðurstaða

Samþykkt.

Það mun skapast rekstrarkostnaður í framtíðinni og það þarf að vera á hreinu gagnvart Umhverfis- og skipulagssviði.

Nr.	Ákvörðun
1	Verkefni samþykkt
2	

Aðgerðalisti

Nr.	Lýsing	Ábyrðaraðili	Lokið
1	Verkefnaskráarstjóri upplýsir stafrænan leiðtoga um niðurstöðu verkefnaráðs	EBB/BOB	x
2	Verkefnaskráarstjóri upplýsir deildarstjóra vef- og vörustýringadeildar um niðurstöðu verkefnaráðs	EBB/BOB	x

Aftur í efnisyfirlit

MÍR kortið (áður Reykjavíkurkortið)

Verkefnaráð hefur fengið tvær kynningar á verkefninu, þann 14.12 2023 og 31.5.2023 og nú er óskað eftir auka fjármagni í frumathugun (e. PoC; proof of concept).

Ástæðan er sú að ekki var gert ráð fyrir verkefnastjóra og þjónustuhönnuði í 100% starf í 3 mánuði. Deildarstjóri umbreytinga lagði til að fenginn yrði verkefnastjóri af skrifstofu stafrænnar Reykjavíkur og ljóst var að verkefnið gæti fengið meiri stuðning en upphaflega var beðið um.

Forsaga málsins er að sumarið 2023 fer stafrænn leiðtogi Menningar- og íþróttasviðs (MÍR) í rannsóknarvinnu ásamt þjónustuhönnuði frá Þjónustu- og nýsköpunarsviði (ÞON) þar sem tekin voru saman gögn sem fyrir lágu um aðgerðir til að koma plastkortum MÍR (sundkort, fjölskyldugarður, menningarkort og ylströnd) í símalausn.

Í desember lá fyrir greining á fýsilegri tæknilausn í verkefnið og borin undir verkefnaráð og samþykkt þar. Nú er verið að skoða tæknilausnina og hvort hún uppfylli þarfir verkefnisins.

Niðurstöður frumathugunar verða kynntar fyrir verkefnaráði í apríl næstkomandi og næstu mögulegu skref.

Búið er að gera:

- Áskorunarrámmi
- Vinnustofur með hagaðilum
- Forgreining með þjónustuhönnuði
- Notendaviðtöl
- Rannsókn á tæknilausn
- Ferlagreining fyrir núverandi stöðu

Með verkefninu á m.a að:

Koma sundlaugum, söfnum, ásamt Fjölskyldu- og húsdýragarði á einn stafrænan stað og eitt kort. Borgarþegar og gestir geta fylgst með sínum áskriftum, sótt um og fyllt á sínar vörur. Þjónusta verður aðgengileg í snjallveskjum og geta notendur skannað sig sjálf inn í gegnum hlið eða í afgreiðslu og þar með létt á álagi framlínustarfsmanna.

Væntur ávinningur/ábatí:

Frumábatamat hefur verið gert en æskilegt er að vinna það áfram og leggja fram þegar frumathugun lýkur. Þá er hægt að draga upp skýra mynd af ábatanum. Eins og er fer það eftir lausninni og kostnaði við hana hver ábati verkefnisins verður, en ljóst er að mikill ábati er að fara úr plasti í símalausn.

Verkefnið dregur úr plastnotkun, léttir á framlínu viðkomandi staða, eykur möguleika á aukinni vöruþróun og magn sölu á þjónustum með einföldum og skilvirkum hætti í gegnum símanúmer.

Tímarammi: 3 mánuðir

Áætlaður kostnaður: 16,5 m.kr.

Óskað er eftir:

- Auknu fjármagni, þ.e úr 6,1 m.kr í 16,5 m.kr.
- Vinna vöruhönnuðar, þjónustuhönnuðar og tæknistjóra mun nýtast umfram frumathugun þar sem gert er ráð fyrir að verkefnið fari í útboð þegar frumathugunarhlutanum er lokið.
- Verkefnið hefur fullan stuðning sviðstjóra MÍR sem er eigandi verkefnisins. Hann óskar eftir fjárhagsstuðningi frá ÞON þar sem pólitíkin þrýstir á verkefnið og telur rétt að bæði sviðin deili kostnaði.

Næstu skref

- Klára frumathugunar fasa:
 - a. Tæknilausnin með BRP, kaupa í gegnum síma, færsla fer í bókhald, fer til baka og opnar hlið.
 - b. Tæknilausn með Centara, kaupa einskiptis aðgang, skanna síma við afgreiðslu. Greiðsla skilar sér til stofnunar.
- Notendaviðtöl
- Þjónustuhönnun
 - Gróf skissa af framenda.
- Vöruhönnun
 - S.s möguleg vara/vörulína.

Tegund verkefnis: Umbreyting

Skor verkefnisins í Fylkinu:

Staðfest skor verkefnaráðs dags: 15.6.2024: 5 5 1 5 5 3 3,53

Niðurstaða verkefnaráðs:

Samþykkt.

Mjög skynsamlegt að taka þessa nálgun á frumathugunina, þetta er vinna sem við þurfum að fara í seinna meir, þegar verkefnið heldur áfram.

Nr.	Ákvörðun
1	Verkefni samþykkt
2	

Aðgerðalisti

Nr.	Lýsing	Ábyrðaraðili	Lokið
1	Verkefnaskráarstjóri upplýsir stafrænan leiðtoga MÍR og verkefnastjóra um niðurstöðu verkefnaráðs	EBB/BOB	x
2	Verkefnaskráarstjóri upplýsir deildarstjóra verkefnastofu og umbreytinga um niðurstöðu verkefnis	EBB/BOB	x

Aftur í efnisyfirlit

Umsjónarkerfi fyrir spjaldtölvur

Stýra og tryggja farsæla umsjón með Apple tækjum sem nýtt eru hjá Reykjavíkurborg. Samningur á núverandi kerfi er að renna út og finna þarf nýtt og öruggt kerfi sem uppfyllir lagalegar kröfur og tryggir góða virkni. Slík tæki eru eins og stendur eingöngu í notkun með stýribúnaði á Skóla- og frístundasviði þó það gæti breyst. Núverandi stýrikerfi stenst ekki persónuverndarlög og fullnægir ekki þörfum og öryggiskröfum Reykjavíkurborgar. Núverandi kerfi virkar illa.

Tímabundin lausn verkefnisins er JAMF og verður nýtt á meðan útboð er undirbúið. Með útboði verður tryggð framtíðarlausn sem snýr að umsjón á spjaldtölvum.

Búið er að gera:

- Kröfulesta fyrir hönd UTR
- Samtal við Skóla- og frístundasvið um kröfur og væntingar
- Undirbúa samstarf við JAMF um PoC verkefni
- Fyrsti tæknifundur um útfærslu uppsetningar hjá Reykjavíkurborg

Væntur ávinningur/ábat:

Bættir möguleikar í miðstýringu á tölvum. Aukinn sveigjanleiki í aðgangsstýringum og meiri sjálfvirkni í kerfinu. Markmið verkefnisins er að stuðla að öruggara og betra stafrænu námsumhverfi nemenda og kennara.

- Kennarar, nemendur og skólastjórnendur verða fyrir áhrifum.
- Starfsfólk UTR/SFS sem sinnir umsjón námstækja.
- 5 m.kr. sem sparast í hugbúnaðarleyfum á ári (miðað við frumathugun).
- Sparar tíma starfsfólk UTR/SFS við uppsetningar tækja.

- Sparar tíma kennara við stjórn stafræns námsumhverfis.
- Bætt skilvirkni og upplifun nemenda af nýtingu á spjaldtölvum.

Markmið

Öllum tækjum verður stýrt og uppfært miðlægt. Fjöldi leyfa og kostnaðarsamdráttur í samræmi við fækkun leyfa. Öll tæki undir stjórn UTR, dýrmætum tíma verður þá ekki lengur eytt í að lagfæra villur sem verða til innan skólanna. Hagræðing fyrir UTR og starfsfólk grunnskólanna.

Tímarammi: Samningur rennur út um miðjan mars og er stefnt á að klára frumathugun fyrir þann tíma.
Áætlaður kostnaður 15,2 m.kr.

Óskað er eftir:

- Fjármögnun fyrir verkefnastýringu við frumathugun og undirbúning útboðs
- 15,2 m.kr

Næstu skref:

- Vinnustofa með JAMF
- MÁP, mat á persónuvernd
- Undirbúningur útboðs

Tegund verkefnis: Rekstarverkefni

Skor verkefnisins í Fylkinu:

Staðfest skor verkefnaráðs dags: 20.03.2024: 4 5 2 4 5 3 3,60

Niðurstaða verkefnaráðs:

Samþykkt. Passa vel uppá frumathugunina, fara eftir ferlinu.

Nr.	Ákvörðun
1	Verkefni samþykkt
2	

Aðgerðalisti

Nr.	Lýsing	Ábyrðaraðilli	Lokið
1	Verkefnaskráarstjóri upplýsir stafrænan leiðtoga ÞON og stafrænan leiðtoga SFS um niðurstöðu	EBB/BOB	x
2	Verkefnaskráarstjóri upplýsir deildarstjóra verkefnastofu um niðurstöðu	EBB/BOB	x

Aftur í efnisyfirlit

Önnur mál

Stafræn gróska – verkefni lauk formlega og endanlega með lokafundi og lokaskýrslu – sjá má lokaskýrslu á spjaldi verkefnis. Verklökafundur fór fram 6. febrúar.

Lóðaumsóknakerfi fyrir skrifstofu borgarstjóra og borgarritara (SBB)

Verkefnastjóri tilkynnti verkefnaskráarstjóra um breytingar á verkefninu, þar sem vilji eiganda verkefnis (lögfræðingur atvinnuþróunar) og stýrihóps er að einfalda verkefnið.

Breytingin felur í sér eftirfarandi:

Klára fasa 1:

- Microsoft lists lausn fyrir utanumhaldið
- Einfalt sölukerfi í Agresso svo hægt sé að senda út reikninga – hafin er sú vinna Ánægja er með lausnina og starfsfólk SBB byrjað að tileinka sér það.

Hætta við fasa 2:

- Umsóknarsíða fyrir borgarbúa á mínum síðum
Eigandi verkefnisins vill bíða með þá vinnu og einblína á nýja lausn og verklag meðan þau eru enn að tileinka sér það. Í upphafi verkefnis var ljóst að forgangsatriði væri að lagfæra þá hnökra sem starfsfólk SBB voru að upplifa í þeirra vinnu. Það sem snýr að borgarbúum er ekki jafn aðkallandi. Það eru ekki það margar lóðir sem um ræðir svo það er spurning hvort það sé forsvaranlegt að eyða tíma og fjármunum í það verkefni að svo stöddu.

Samkvæmt áætlun frá eiganda verkefnisins er ætlunin að auglýsa 3-4 íbúðarhúsaloðir og 4-5 atvinnuhúsaloðir á þessu ári. Miðað við ásókn í atvinnulóðir á síðastliðnum árum er óvíst að sótt verði um þær allar og því er umfangið kannski ekki mikið á þessu ári.

Nr.	Ákvörðun
1	Engar athugasemdir við önnur mál
2	

Aðgerðalisti

Nr.	Lýsing	Ábyrðaraðili	Lokið
1	Verkefnaskráarstjóri upplýsir verkefnastjóra um niðurstöðu	EBB/BOB	x
2			

Aftur í efnisyfirlit

Næsti fundur

Næsti fundur verkefnaráðs ÞON verður haldinn 21. febrúar 2024